


Leikskólinn Birkilundur



Ársáætlun  
veturinn 2019-2020

## Efni bæklingisins

Velkomin í Birkilund.....	2
Starfsfólk .....	2
Viðtalstímar deildarstjóra: .....	3
Markmið Birkilundar er .....	4
Skólastarfið .....	4
Dagskipulag á Könglalandi .....	5
Dagskipulag á Kvistalandi .....	5
Dagskipulag á Reynilandi .....	6
Starfið á deildunum.....	6
Reyniland.....	7
Könglaland og Kvistaland .....	8
Opið milli deilda og ferðir milli húsa .....	9
Viðfangsefni í hópatímum .....	9
Vettvangsferðir í rútu.....	10
Elsti árgangur leikskólans .....	11
Samstarf leik- og grunnskóla.....	12
Stoðþjónusta.....	13
Foreldrafundir og -viðtöl .....	13
Skipulags- og námskeiðsdagar - leikskólinn lokaður.....	14

## Velkomin í Birkilund

Opnunartími 7:45-16:15

sími 4538215

sími á Reynilandi 5718215

netfang: [birkilundur@skagafjordur.is](mailto:birkilundur@skagafjordur.is)

heimasíða: <http://birkilundur.skagafjordur.is>

netfang á Könglalandi: [konglaland@skolar.skagafjordur.is](mailto:konglaland@skolar.skagafjordur.is)

netfang á Kvistalandi: [kvistaland@skolar.skagafjordur.is](mailto:kvistaland@skolar.skagafjordur.is)

netfang á Reynilandi: [reyniland@skolar.skagafjordur.is](mailto:reyniland@skolar.skagafjordur.is)

### Starfsfólk

**Steinunn Arnljótsdóttir** er leikskólastjóri í 100% stöðu. Er að jafnaði með viðveru á Reynilandi á mánudögum og fimmtudögum kl 8:15-9:15.

**Linda Björnsdóttir** deildarstjóri á Könglalandi í 80% stöðu.

**Fanney Friðriksdóttir** leikskólaliði á Könglalandi í 75% stöðu.

Hún sér um stuðningskennslu.

**Jóhanna Sigurðardóttir** vinnur á Könglalandi í 82,5% stöðu.

**Bogdís Hermannsdóttir** leikskólaliði í afleysingum í 42,5% stöðu.

**Sigríður M. Helgadóttir** er deildarstjóri á Kvistalandi í 100% stöðu. Hún er staðgengill leikskólastjóra.

**Eva Dögg Sigurðardóttir** var á Kvistalandi í 50% stöðu en er hætt. Ráðið verður í 70% stöðu fyrir hana.

**Hanna Björg Hauksdóttir** leikskólaliði vinnur á Kvistalandi í 62% stöðu.

**Ingibjörg Skarphéðinsdóttir** leikskólaliði á Kvistalandi í 82,5% stöðu.

**Guðbjörg Sigfúsdóttir** er deildarstjóri á Reynilandi í 97,5% stöðu.

**Guðrún Ólafsdóttir** leikskólaliði á Reynilandi í 82,9% stöðu.

**Regína Jóhannesdóttir** vinnur á Reyninlandi í 100% stöðu.

**Selma Guðjónsdóttir** leikskólaliði á Reynilandi í 100% stöðu.

**Elísabet Þóra Alfisdóttir** matráður er í 67,5% stöðu.

**Bogdís Hermannsdóttir** sér um ræstingu í 37,5% stöðu.

**Kristín Halla Bergsdóttir**, tónlistarkennari, er með tónlistarstundir á mánudögum frá miðjum september til páska.

Pó starfsfólk sé skráð á tiltekna deild getur verið að það vinni að staðaldri eða í afleysingu hluta úr degi eða heilan dag á annarri deild.

**Viðtalstímar deildarstjóra:**

Guðbjörg föstudaga kl 14:00-15:00

Linda föstudaga kl 9:00-10:00

Sigríður mánudaga kl 9:00-10:00

## Markmið Birkilundar er

- Að veita börnunum tækifæri til þess að læra og þroskast í gegn um leik.
- Að efla félagslega færni barna.
- Að stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði barna.
- Að efla málþroska barna.
- Að styrkja sjálfsmynd og efla sjálfstæði barna.
- Að kenna börnum að virða náttúruna og njóta hennar.

Til þess að ná þessum markmiðum er á hverjum degi gefinn góður tími fyrir sjálfsprottinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með, unnið er með sérstök viðfangsefni í minni hópum og við nýtum verkfæri eins og SMT, Stig af stigi, Leikur að læra, Tákn með tali, Læsi í leikskóla og könnunarleik (sjá Upplýsingarit).

## Skólastarfið

Skóladaगतal þar sem fram kemur hvaða daga leikskólinn er lokaður, hvenær starfsmannafundir eru haldnir og ýmsir viðburðir í skólastarfinu má finna á <https://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/gagnabanki/skoladagatal/leikskoladagatal-2019-2020.pdf>

Stefnt er að því að bjóða foreldrum í kaffi tvisvar yfir starfsárið. Börnin munu taka þátt í að útbúa veitingar. Jólaball verður haldið í desember. Í tilefni af afmæli Birkilundar 29. janúar og Degi leikskólans 6. febrúar er foreldrum boðið í hafragraut og þorramat að morgni 6. febrúar. Á öskudaginn verður grímuball, köttur sleginn úr

tunnum og boðið upp á snakk og popp. Síðast í maí eða byrjun júní höfum við Reykjarhólsdag. Þá er gengið á Reykjarhólinn. Aðrar ferðir og viðburðir eru kynnt þegar að þeim kemur. Dagskipulagið mótar ramma um starfið. Það er mismunandi eftir deildum þar sem þarfirnar eru breytilegar eftir aldri barnanna.

### **Dagskipulag á Könglalandi**

07:45 leikskólinn opnar á Kvistalandi  
 08:00 leikur á deild  
 08:15 leikur/morgunmatur  
 08:45 leikur á deild  
 10:00 ávaxtatími  
 10:15 hópastarf  
 11:15 söngur/samverustund  
 11:45 hádegismatur  
 12:20 lestur/róleg stund  
 13:00 útivera  
 14:45 síðdegisdrykkur  
 15:20 leikur  
 16:05 deildir sameinast á Könglalandi  
 16:15 leikskólinn lokar

### **Dagskipulag á Kvistalandi**

07:45 leikskólinn opnar á Kvistalandi, leikur  
 08:10-8:45 morgunm./leikur  
 09:10 hópastarf  
 10:00 ávaxtatími  
 10:15 útivera/leikur  
 11:25 samvera/söngur  
 11:45 hádegismatur  
 12:10 hvíld/samverustund  
 13:00 útivera/frjáls leikur  
 15:00 síðdegisdrykkur  
 15:30 leikur/samvera  
 16:05 deildir sameinast á Könglalandi  
 16:15 leikskólinn lokar

**Dagskipulag á Reynilandi**

07:45 Leikskólinn opnar, leikur	11:15 handþvottur, bleyju- skipti, samverustund
08:15 Morgunmatur	11:30 Hádegismatur
09:00 Hópastarf	12:00 Hvíld
09:50 Samverustund, ávaxtatími, bleyjuskipti	13:30 Leikur
10:15 Útivist	15:00 Síðdegisdrykkur
	15:20 Leikur, bleyjuskipti
	16:15 Leikskólinn lokar

**Starfið á deildunum**

Kennarar leggja mikla áherslu á leikinn og gefa góðan tíma fyrir hann á hverjum degi enda er hann megin námsleið barna. Í leik eflir barnið alhliða þroska sinn, en þar er m.a. um að ræða líkamsþroska, hreyfi-, tilfinninga-, vitsmuna-, mál- og siðgæðisþroska, félags og siðgæðisvitund. Leikurinn er börnunum eðlislægur og þau leika sér á sínum eigin forsendum. Í Aðalnámskrá leikskóla stendur: í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma, á eigin forsendum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinngatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.

Útivera er hluti af daglega starfinu, hreyfing og útivera eru samtengdir þættir.

Á þriðjudögum kl 9:15-10:35 koma nemendur í leikskólavali Varmahlíðarskóla í leikskólann. Það geta verið 6 nemendur í leikskólavali í einu, 2 á hverri deild. Þeir taka þátt í starfinu, og aðstoða börn og kennara.

Í Upplýsingariti leikskólans Birkilundar eru útskýrð ýmis verk- og námsefni sem unnið er með í leikskólanum og vísað er til í eftirfarandi umfjöllun um starfið á deildunum. Leikur að læra kennsluáferðin er notuð bæði inni á deildum og í útikennslu.

## **Reyniland**

Á Reynilandi verða fyrir áramót 10 börn, frá 11 mánaða til 2 ára, 7 drengir og 3 stúlkur, 2 börn eru fædd árið 2017 og 8 börn eru fædd árið 2018.

Hópastarf er þrisvar í viku, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga, kl 9:00-9:50. Börnunum er skipt í þrjá hópa á þrjú svæði í hópastarfi. Hóparnir eru Kanínuhópur, Kisuhópur og Bangsahópur og raðast börnin eftir aldri í þá. Kennarar skiptast á að sjá um svæðin viku í senn. Svæðin skiptast í: Innri leikstofu, þar sem Könnunarleikurinn skipar stóran sess. Í fremri leikstofu fer fram myndsköpun þar sem börnin fá að kynnast einföldum verkefnum og vinnu með ýmis efni. Það er t.d. vatnslitað, málað, teiknað, límt, rifið og klippt. Á ganginum/fataherbergi er leikstöð þar sem vinsælt



er að leika sér á sparkbílum, en þar er líka oft leikið í byggingaleik, dýraleik og með hrísgrjón.

Kristín Halla er með tónlistarstund annan hvern mánudag.

Hinn mánudaginn fer eldri árgangurinn, börn fædd 2017, gangandi upp í íþróttahús og hittir þar yngri börnin af Kvistalandi. Þessar ferðir miðast við veður og færð.

Á föstudögum er lögð áhersla á frjálsan leik, útiveru og gönguferðir. Alla daga er lögð áhersla á að hafa góðan tíma fyrir leik og að örva málproska og æfa sjálfshjálp í leik og starfi. Börnin fá æfingu í að borða sjálf, klæða sig, pissa í klósett/kopp o.s.frv. Í samverustundum fyrir ávaxtatíma og matartíma er sungið, lesið og spjallað, farið yfir tákn vikunnar, staf vikunnar og orð honum tengd og börnin æfa sig að þekkja litina.

### **Könglaland og Kvistaland**

Á Könglalandi eru 15 börn, 11 drengir og 4 stúlkur. Á Kvistalandi eru 12 börn, 5 stúlkur og 7 drengir.

Skipt er í hópa eftir árgöngum:

Árgangur 2014 Eðluhópur, 9 börn.

Árgangur 2015 Risæðluhópur, 10 börn, þ.e 6 af Könglalandi og 4 af Kvistalandi.

Árgangur 2016 Galdrahópur, 4 börn.

Árgangur 2017 Kisuhópur, 4 börn.

Á báðum deildum er hópastarf alla daga nema föstudaga og fer alltaf fram fyrir hádegi. Fanney sér um hópastarf í Eðluhóp. Jóhanna aðstoðar á þriðjudögum og fimmtudögum.

Risaeðluhópur fer í íþróttahús annan hvern mánudag og Galdrahópur og Kisuhópur hinn mánudaginn. Þann mánudag sem hópur fer ekki í íþróttahús er hann í tónlist hjá Kristínu Höllu. Eðluhópur fer í tónlist annan hvern mánudag, á eftir Risaeðluhóp. Á mánudögum og þriðjudögum sjá Linda og Hanna sameiginlega um hópastarf í Risaeðluhóp. Sigga og Ingibjörg sjá um hópastarf í Galdrahóp og Kisuhóp. Á þriðjudögum fara Risaeðluhópur, Galdrahópur og Kisuhópur til skiptis í útikennslu, myndlist og frjálstan leik. Risaeðluhópur og Eðluhópur fara í Stig af stigi á miðvikudögum. Á sama tíma er unnið með staf vikunnar á Könglalandi. Á fimmtudögum eru börnin á Könglalandi saman í myndlist og málörvun. Á föstudögum er farið til skiptis í gönguferðir, frjálstan leik og haft opið á milli deilda.

### **Opið milli deilda og ferðir milli húsa**

Á mánudögum eftir hádegi og stundum á föstudögum fyrir hádegi er val. Þá er opið á milli Könglalands og Kvistalands og ýmis viðfangsefni í boði. Börnin geta farið á milli deilda og valið svæði eftir því hvað þau vilja fást við.

Til að auka tengsl milli húsa fara börnin reglulega á milli og hittast í útivist, ýmist á Reynilandi eða í Birkilundi.

### **Viðfangsefni í hópatímum**

- Myndsköpun, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir sköpunarþörf sína, þroski með sér einbeitingu og efli samhæfingu handa og augna. Barnið endurspeglar oft

í myndverkum sínum þá reynslu sem það hefur upplifað, þær tilfinningar sem bærast með því og það sem því er hugleikið.

- Tónlist, þar sem markmiðið er að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda í gegn um söng, hlustun (tónverk, hljóðaspil, ofl), hreyfingu (dans ofl.), hljóðgjafa og hljóðfæri.
- Málörvun, þar sem markmiðið er að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestrarnám. Notuð eru verkefni og leikir úr bókunum: *Markviss málörvun*, *Leggðu við hlustir*, *Ljáðu mér eyra og Tölum saman*. Unnið er með staf vikunnar, þulur, rím, klappa atkvæði, spil, leiki, lestur og ritun.
- Hreyfing, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir hreyfipörf sína og að auka/efla líkamlegt úthald. Til þess notum við leiki, *Leikur að læra*, íþróttahús og nánasta umhverfi, til að fara í gönguferðir.
- Félagfærni, þar er unnið með Stig af stigi og munu 2 elstu árgangarnir fara einu sinni í viku í það.
- Útikennsla, þar sem markmiðið er að barnið fái tækifæri til að njóta náttúrunnar og læri að bera virðingu fyrir umhverfinu.

### **Vettvangsferðir í rútu**

Þrjú elstu árgangar leikskólans fóru í fjöruferð 3. október, fjórir elstu árgangarnir fara í vorferð, tveir elstu

árgangarnir í Glaumbæjarferð og árgangur 2016 í Víðimýrarheimsókn.

### **Elsti árgangur leikskólans**

Samstarf elsta árgangsins við grunnskólann hefur verið aukið, eins og kemur fram í kaflanum hér á eftir um samstarf leik- og grunnskóla, en þar fyrir utan fer Eðluhópurinn einu sinni í viku í fjölbreytt skólahóps verkefni. Markmiðið með þessum verkefnum er að bjóða upp á fjölbreytt og þroskandi verkefni sem stuðla að sjálfstæði og sjálfspekkingu barnanna og efla með þeim vináttu og samkennd. Starfið á að stuðla að því að börnin þjálfist í að vinna saman og sýna öðrum tillitssemi og umburðarlyndi og öðlist færni sem talin er nauðsynleg þegar leikskóla lýkur og grunnskólinn tekur við. Öll þessi vinna hópsins er miðuð við að komið sé til móts við mikla fróðleiksfýsni og aukna getu barnanna, með því að gefa þeim kost á erfiðari viðfangsefnum, sem krefjast meiri einbeitingar og úthalds. Þetta eru ýmis leikskólaverkefni sem byggja á starfsaðferðum og hugmyndafræði leikskóla.

Á hverju hausti er Hljóm 2 lagt fyrir elstu börn leikskólans (sjá Lestrarstefna Skagafjarðar bls. 20).

Börnin í elsta árganginum taka þátt í Vinadeginum og hitta þá börn í elsta árgangi hinna leikskólanna í Skagafirði.

Starfinu hjá hópnum lýkur formlega með útskrift í maí.

## **Samstarf leik- og grunnskóla**

Frá árinu 2007 hafa Birkilundur og Varmahlíðarskóli verið í samstarfsverkefninu: *Gaman saman* (sjá. *Upplýsingarit Birkilundar, útg. 2018, bls. 9*). Hefur það stuðlað að auknum samskiptum nemenda og kennara þessara skóla. Þetta skólaár var ákveðið að útvíkka *Gaman saman* verkefnið með því að auka samstarf elstu barna í Birkilundi og nemenda í fyrsta bekk Varmahlíðarskóla. Þessir hópar eru með þrjár sameiginlegar kennslustundir á þriðjudögum kl 9:25-11:30. Fanney, kennari elstu barna Birkilundar, og Birgitta, kennari fyrsta bekkjar Varmahlíðarskóla, skipuleggja sameiginlega tvær kennslustundir á viku, sem verða frá 9:25-10:35. Viðfangsefni sameiginlegra kennslustunda verða af ýmsum toga. Þau verða ýmist unnin í Varmahlíðarskóla, Birkilundi eða utan dyra.

Að loknum þessum kennslustundum taka börnin þátt í vinaliðafrímínútum. Þá stjórna vinaliðar leikjum. Vinaliðar eru eldri nemendur sem hafa verið valdir í þetta hlutverk. Að loknum frímínútunum er hópurinn saman í íþróttum kl 10:50-11:30 hjá Sigurlínu íþóttakennara og kennara úr Birkilundi.

Markmið verkefnisins er að auka samfellu í námi barnanna, gefa hópnum tækifæri til þess að halda tengslum þrátt fyrir að þau séu á sitt hvoru skólastiginu og gefa kennurum tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu sín á milli.

## **Stoðþjónusta**

Málefni leikskóla heyra undir Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar og fræðslunefnd. Fræðslustjóri hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Leikskólarnir hafa aðgang að sérfræðiþjónustu frá fræðsluskrifstofu s.s. talmeinafræðingi, kennsluráðgjafa og sálfræðingi.

Ef leikskólinn getur ekki leyst úr þeim frávikum sem upp koma varðandi börnin þá fer í gang ferli þar sem máli barns er vísað til sérfræðiþjónustu fjölskyldusviðs. Send er inn beiðni með undirskrift foreldra og leikskólastjóra.

Starfsmenn geta sótt stuðning til fræðslustjóra sem er tengiliður bæði leik- og grunnskóla.

## **Foreldrafundir og -viðtöl**

Almennur foreldrafundur er haldinn á haustin, að þessu sinni miðvikudag 30. október kl 20:00. Farið verður yfir áherslupunkta í starfi leikskólans og foreldrum gefinn kostur á að koma með fyrirspurnir og athugasemdir. Seinni hluti fundarins er nýttur fyrir aðalfundarstörf foreldrafélagsins. Foreldraviðtöl þar sem deildarstjóri eða kennari barnsins fer yfir stöðu barnsins með foreldrum verða í febrúar og mars. Foreldrar geta fengið viðtal á öðrum tíma ef þeir óska eftir því.

**Skipulags- og námskeiðsdagar – leikskólinn lokaður**

Fimmtudagur 15. ágúst	Fræðsludagur
Föstudagur 11. október	Haustþingsdagur
Fimmtudagur 7. nóvember	Starfsdagur
Mánudagur 23. desember	Lokað vegna starfsmannafunda
Þriðjudagur 21. apríl	Lokað vegna starfsmannafunda
Miðvikudagur 22. apríl	Starfsdagur
Föstudagur 24. apríl	Starfsdagur

